

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 28/2009

frá 17. mars 2009

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/15/EB frá 15. febrúar 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta við virka efninu klóþíanidíni í I. viðauka við hana ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/16/EB frá 15. febrúar 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta við virka efninu etófenproxi í I. viðauka við hana ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32008 L 0015:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/15/EB frá 15. febrúar 2008 (Stjtið. ESB L 42, 16.2.2008, bls. 45),
- **32008 L 0016:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/16/EB frá 15. febrúar 2008 (Stjtið. ESB L 42, 16.2.2008, bls. 48).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2008/15/EB og 2008/16/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 22, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 42, 16.2.2008, bls. 45.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 42, 16.2.2008, bls. 48.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.